

Fundur 5.5.2025 Hallgrímur Pétursson sálmaskáld.

Góða kvöldið, góða kvöldið Íslendingar.

*Góða kvöldið.*

Ævinlega hefur mér tekist að vekja ykkur til lífsins og koma með einhver öflug skilaboð og vona ég að það takist nú eins og áður.

Og virðist mér sem Íslendingar hafi sumir ranga mynd af mér og skynji ekki minn öfluga persónuleika og hef ég ekki komið því að sem skyldi sem ég hef afrekað í framlífi.

En ævinlega er það gaman að tala við sína gömlu þjóð og bæði að finna fyrir öðrum og leyfa öðrum að finna fyrir mér, og get ég sagt það með sannni að ég er mun meira lifandi en ég var á jörðinni og er ég alltaf að eflast af orku og mætti og vonandi kærleika og góðum dyggðum líka, þótt ég hafi kastað trúnni.

Já ég hafði svo ótal margt við ykkur að segja síðast, að mér þótti alveg nauðsynlegt að koma aftur í sambandið og reyna að efla ykkur og koma með einhver öflug orð.

Og vel megið þið skynja að öflugur er ég orðinn og hef ekki misst hæfileika mína þótt mismikinn áhuga hafi ég haft á því að rækta þá hæfileika.

Og hef gengið í gegnum mörg skeið á mörgum framlífs hnöttum mínum, þar sem ég stundum hef ekki sett saman neinn stafkrók að ráði, en á öðrum æviskeiðum hef ég, já orkan er sveiflukennd, hef ég margt sett saman.

Já hef ég mikinn áhuga á því að efla ykkur mín kæra þjóð og,

*Ekki ert þú Hallgrímur ?*

Já Hallgrímur Pétursson, rétt er það.

*Vertu velkominn, blessaður.*

Já takk fyrir, þið eruð farin að skynja til mín þykist ég vita og sumir næmir hér inni , já já það er ekki nokkur spurning.

Ég vildi segja ykkur frá því að ég komst í gömul blöð sem Brynjólfur minn kæri vinur, setti saman og hafði fundið, og hjálpaði það mér til að eflast af skáldskapar gáfunni og er ég hræddur um að það hafi nú glatast margt af því og hef ég reynt að hlera eftir því hvað til er af fornum fræðum á gömlu jörðinni ykkar og kannast ég við það sumt.

En voru þar nokkur erindi sem ég sakna og hefur það víst ýmislegt farið forgörðum, eins og gengur og gerist.

Já og mannfélagið er nú alltaf misjafnt eftir því á hvaða hnetti maður er og hef ég reynt að halda venskap við þau feðgin og fleiri og fleiri, og margt af þeim að segja og vona ég að hann komist í sambandið við ykkur og segi frá því sjálfur.

Já fann ég oft fyrir því á fyrstu framlífs hnöttum mínum, að ég saknaði þess mjög að komast í samband við gömlu jörðina þar sem ég fann að ég magnaðist af öllu því fólki sem geymdi kveðskapinn minn undir dýnunni sinni.

Og eru það góð stilliáhrif þegar fólk kann að meta það sem maður hefur gert og hefur það hjálpað mér að magnast og eflast hér í framlífi, hef ég ýmislegt af því að segja, hef ég gegnt ýmsum störfum fyrir valdamenn og var um stund í kirkjunnar þjónustu áfram, en lét það svo lönd og leið, og ýmislegt af því að segja.

En finn ég nú orkuna minnka, þakka ég fyrir mig, gleður mig að komast í sambandið og vona að þið, er ég ekki frá því að það hjálpi miðilsefnum að ég komi í sambandið, þar sem margir skynja til mín.

Og já, ég þakka fyrir mig og verið þið sæl, margt hef ég að segja og verð að láta það bíða, kveð ég ykkur, þakka fyrir mig, Verið þið sæl.

*Vertu sæll og þakka þér fyrir komuna., blessaður.*